

Stjórnarfundur GFFÍ 18. apríl 2020. Haldinn í húsnæði Matís, Vínlandsleið 12, Reykjavík.

Fundur settur kl. 15. Mættir: Mættir: Anna María Flygenring (AMF), Anna María Lind Geirsdóttir (AMLG), Guðný Ívarsdóttir (GÍ), Guðni Ársæll Indriðason (GÁI). Fundinn situr Ólafur Reykdal, Matís, (ÓR) til kl. 15:30.

1. fundur með ÓR, samantekt frá honum: *Á fundinum var ákveðið að fjalla um geitina og niðurstöður verkefna eftir hádegi einn föstudag í mars. 27. mars var fyrsta val. Eftir fundinn kom í ljós að Óli Þór verður erlendis þann dag og þar sem hann er lykilmáður lögðum við til föstudaginn 20. mars. Anna María hefur staðfest að það gangi og ég hef tekið frá stóra salinn á Matís (80 manns komast fyrir) kl 13 föstudag 20. mars og hann verður laus áfram fyrir lokaðan fund félagsins.*

1. Vörubróunarhluta er að mestu lokið en samskipti geta verið út mars. Kanna þarf notkun á vefnámskeiðum og staðfestingu fyrir notendur.

2. ÓR ýtir á eftir niðurstöðum fyrir kaseingerðir frá Noregi.

3. Stefnt er á síðdegi á Matís með umfjöllun um geitina og niðurstöður verkefna. Áhugi er á að fá Einar Kára frá yfirkjötmatinu. Fallist var á að föstudagur gæti hentað, milli kl 13:00 og 16:00, með veitingum og aðalfundi á eftir.

4. Kjötmat geita hefur þróast en fylgja þarf því eftir með þjálfun og upplýsingum. Niðurstöður matsins hafa verið einsleitar.

5. Geitum hefur fækkað samkvæmt frétt í Morgunblaðinu.

6. Matís mun útbúa 2 dreifiblöð úr verkefninu, líklega um afurðir og kaseingerðir.

7. Matís mun taka saman lokaskýrslu.

Bestu kveðjur

Ólafur R.

Ólafur Reykdal yfirgefur fundinn 15:00.

2. Ákveðið að halda aðalfund GFFÍ föstudag 27. mars 2020 kl. 16 á eftir kynningu Matís á vörubróunar verkefni um geitaafurðir styrkt af Framleiðnisjóði.

19. febrúar barst símtal frá ÓR þess efnis hvort mætti flýta fundi sbr. Ofangreindur póstur frá ÓR, og samþykkti stjórn með skilaboðum í messenger að halda aðalfund 20. mars kl. 16 á eftir kynningu Matís.

3. Meðstjórnandi Birna Kristín Baldursdóttir kemst ekki á fund vegna veikinda en GÁI rekur í hennar stað hvað gerst hefur á hafrastöðinni í Þorulág: 2 hafrar frá Möðrudal skiluðu ekki sæði. Til athugunar að halda þeim á lífi fram yfir n.k. áramót, verða hjá BKB með leyfi MAST. Niðurstöður blóðsýna vegna útflutnings eru komnar en BKB á eftir að taka saman skýrslu og eftir að koma í ljós hvort megi selja sæði til Bandaríkjanna.

4. AMF Beingreiðslur til geitabænda hafa ekki skilað sér, greiðslur kúa- og sauðfjárþænda hafa skilað sér. Búnaðarstofa flutt frá MAST til Landbúnaðarráðuneytis og það talið vera ástæða að geitagreiðslur voru látnar bíða, ekki í forgangi.

5. AMF: Sér tímarit Bændablaðsins kemur út 2-3 mars þegar búnaðarþing verður haldið, GFFÍ verður með auglýsingu eða línur.

6. AMF: Loftlagssjóður: Bændasamtökin kölluðu eftir aðild félaga innan samtakanna, GFFÍ verður með, þarf ekki að leggja til fé, Bændasamtökin sækja um styrk til að koma sjóðnum á laggirnar.

7. Félagatal: GÁI : ekki miklar breytingar á eftir að fara yfir vegna aðalafundar.

GÍ yfirgefur fundinn 15:45.

8. Stjórnarkjör á næsta aðalfundi:

Formaður: Anna María Flygenring, Hlíð, Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Staðan er laus. AMF gefur kost á sér.

Meðstjórnendur:

Guðni Ársæll Indriðason, Laufbrekku, Kjalarnesi. 2 ára tímabili lokið, gefur kost á sér.

Anna María Lind Geirsdóttir, Rauðagerði 50, Reykjavík. 2 ára tímabili lokið, gefur ekki kost á sér.

Birna Kristín Baldursdóttir, Eskiholti í Borgarbyggð. 1 ár eftir

Guðný Ívarsdóttir, Flekkudal í Kjós. 1 ár eftir

Varamenn í stjórn:

Bettina Wunsh, Brautartungu, Háfshverfi í Þykkvabæ, 1 ár eftir

Guðmundur Freyr Kristbergsson, Háafelli Hvítársíðu. 2 ára tímabili lokið, gefur ekki kost á sér.

Skoðendur reikninga:

Magnús Kristjánsson, 2 ára tímabili lokið.

Vilhjálmur Grímsson, á eftir 1 ár.

Fulltrúi á Búnaðarþing verður formaður.

Varafulltrúi Guðni Ársæll Indriðason á eftir 2 ár af 3.

Vantar tvo frambjóðendur í aðalstjórn, einn varamann og skoðanda reikninga, þurfum að hringja út; AMF og AMLG munu skipta með sér verkum.

9. Til að auðvelda setu á stjórnarfundum ætti að athuga að nota símafundi. Þá er hver heima hjá sér, ákveðinn er tími og 4 stafa auðkennisnúmer og notað símafundar símanúmer einhvers símafyrirtækis.

Önnur mál:

AMLG fékk fundarmenn til að undirrita óundirritðar fundargerðir. Þær hafa þó verið samþykktar í tölvupóstum.

AMF fékk póst frá ítalskri konu í háskólanámi á Ítalíu sem er að skrifa rígerð um starf GFFÍ. AMF hefur veitt henni upplýsingar um margþætt starf félagsins.

Fundi slitið 16:30

Fundargerð ritar AMLG